LANDSPÍTALI

Öldrunardeild L3

Upplýsingar fyrir aðstandendur

Á öldrunardeild L3 á Landakoti dvelja sjúklingar sem lokið hafa meðferð og endurhæfingu á Landspítala, eru komnir með virkt færni- og heilsumat og bíða eftir plássi á hjúkrunarheimili.

Samvinna við heilbrigðisstarfsfólk og þjónusta á deild

- Læknir kemur á deild þrisvar í viku mánudaga, miðvikudaga, föstudaga og eftir þörfum. Aðstandendur eru beðnir um að hafa samband við hjúkrunarfræðing á vakt ef þeir vilja ræða meðferð sjúklings eða líðan.
- Ef þörf er á sérfræðiþjónustu utan Landspítala, til dæmis hjá tannlækni, þurfa aðstandendur að skipuleggja flutning og greiða fyrir hugsanlegan kostnað af honum. Það getur þurft að afpanta bókaða tíma hjá sérfræðilæknum utan spítala.
- Stólaleikfimi stendur til boða á deild L3. Einnig býðst sjúklingum að taka þátt í annarri afþreyingu sem fer fram á Landakoti. Dagskrá er birt á skjá á ganginum.
- Sjúkrahúsprestur veitir sjúklingum og aðstandendum þeirra sálgæslu og stuðning án tillits til lífsskoðana eða trúarafstöðu.

Heimsóknir á deild

Heimsóknartími er opinn. Aðstandendur eru þó beðnir að takmarka heimsóknir á matmálstímum, það er klukkan 09.00–09:30, 12.00–12.30 og 17.30–18.00, nema i samráði við starfsmenn. Aðstandendur eru einnig beðnir um að virða dagskrá sjúklinga.

- Stundum skapast aðstæður þar sem þarf að takmarka heimsóknir og þá lætur starfsfólk vita.
- Aðstandendur eru hvattir til að bjóða fólkinu sínu að fara fram úr þegar þeir koma í heimsókn og í stuttar ferðir út af deildinni, í samráði við starfsfólk. Fyrir framan deildina er aðstaða til að setjast niður í næði.

Til að verja sjúklinga smiti eru aðstandendur beðnir um að:

- Koma ekki í heimsókn ef þeir eru með kvef, flensu, magapest eða aðra smitsjúkdóma.
- Hreinsa hendur vandlega áður en farið er inn á stofu.

Fatnaður og persónulegir munir

- Aðstandendur eru beðnir um að útvega þægileg og hrein föt, stöðuga skó og viðeigandi hjálpartæki að heiman.
- Persónulega muni er gott að merkja til að minnka líkur á að þeir glatist. Aðstandendur sjá um þvott á fatnaði sjúklings en deildin sér um nærfatnað og rúmföt.
- Athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum sem sjúklingur eða aðstandendur hafa meðferðis.

Útskrift á hjúkrunarheimili

Útskrift á hjúkrunarheimili gerist oftast með stuttum fyrirvara. Ýmist er hringt frá hjúkrunarheimili beint í aðstandendur eða í starfsfólk á deild til að láta vita af lausu plássi. Starfsfólk deildar lætur aðstandendur vita ef það fær upplýsingarnar. Mikilvægt er að aðstandendur láti starfsfólk deildar vita ef hringt hefur verið til þeirra svo að undirbúningur flutnings gangi vel. Útskrift af L3 fer fram fyrir hádegi á flutningsdegi.

Símanúmer

Símanúmer deildar er 543 9815 eða 543 9864

Landspítalaappið

Í Landspítalaappinu birtast upplýsingar sem snerta heilsufar og dvöl á spítalanum. Hægt er að sækja smáforritið á Google Play eða App Store. Sjúklingur getur veitt aðstandanda umboð og aðgang að gögnum sínum í appinu.

Nánari leiðbeiningar: Landspítalaappið og á island.is

Hægt er að sækja appið með því að skanna kóðann

Landspítali á vefnum

Á vefsvæði Landspítala, www.landspitali.is, eru ýmsar almennar upplýsingar um þjónustu og starfsemi spítalans.

Þjónustukönnun

Þín skoðun skiptir máli. Skannaðu kóðann og taktu þátt í örstuttri könnun til að hjálpa okkur að meta hvað gengur vel og hvað má betur fara.

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI: LANDSPÍTALI – MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU FRÆ-1372 ÁBYRGÐARMAÐUR: DEILDARSTJÓRI ÖLDRUNARDEILDAR L3, LANDAKOTI
HÖNNUN: GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR LANDSPÍTALA
Sjúklingafræðsla | Júlí 2026

© Landspítali. Leyfilegt er að afrita og nota efnið óbreytt, sé heimildar getið.